



Eineltisáætlun

Leikskólinn Laugalandi

2020-2021

Efnisyfirlit

Inngangur	3
Hvað er einelti?	4
Einelti í Leikskóla	4
Forvarnir	5
Einelti í starfsmannahópnum	5

Inngangur

Markmið með eineltisáætluninni er að gera starfsfólk leikskólans meðvitaðra um einelti í allri sinni mynd þannig að það þekki einkennin og geti brugðist við þeim. Mikilvægt er að allir starfsmenn leggi sömu merkingu í orðið einelti. Einelti er skilgreint sem langvarandi ofbeldi, andlegt eða líkamlegt sem stýrt er af einstaklingi eða hóp og beinist að einstaklingi eða jafnvel einstaklingum sem ekki eru færir um að verja sig. Stríðni, átök og einstakur ágreiningur milli jafningja telst ekki til eineltis. Margar rannsóknir hafa verið gerðar á samskiptum í skólum og hvaða áhrif jákvæð og kærleiksrík samskipti hafa á skólabrag. Skólabragur vísar til samskiptanna í skólunum, sem hafa áhrif á líðan nemenda, þroska þeirra og nám í leik og starfi. Þessar rannsóknir hafa sýnt fram á að bein tengsl eru á milli góðs skólabrags og velgengni og líðan nemenda. Þegar vitneskja eða ábendingar um einelti berst til leikskólans frá nemendum, forráðamönnum eða starfsfólki skólans, er henni komið sem allra fyrst til leikskólastjóra. Leikskólastjóri ákveður næstu skref samkvæmt áætlun þessari og kallar til samstarfs við sig þá aðila sem þurfa þykir. Fyllsta trúnaðar er gætt við meðferð eineltismála.

Hvað er einelti?

Einelti felur í sér að barn eða einstaklingur er tekinn fyrir af einum eða hópi með síendurtekinni:

- stríðni eða látbragði
- niðrandi ummælum og sögusögnum
- andlegri kúgun og hótunum af ýmsu tagi
- félagslegri höfnun eða markvissri útskúfun

Ef barn er lagt í einelti líður ekki langur tími áður en því fer að líða illa, verður óttaslegið, öryggislaust, einmana og á varðbergi. Einelti er ofbeldi sem getur haft varanleg áhrif.

Birtingarform eineltis:

- Líkamlegt: barsmíðar, spörk, hrindingar, skemmdarverk, misnotkun ofl.
- Munnlegt: uppnefni, niðrandi athugasemdir, endurtekin stríðni ofl
- Óbeint: baktal, útskúfun eða útilokun úr félagahópi ofl.

Einelti í Leikskóla

Einelti felur í sér að barn er tekið fyrir af öðru barni eða hópi barna. Einelti og ofbeldi er ekki liðið á leikskólanum Laugalandi. Markvisst er unnið gegn einelti í leikskólanum með forvörnum. Ef grunur vaknar hjá foreldrum um að barnið þeirra sé lagt í einelti er hægt að snúa sér strax til leikskólastjóra og/eða deildarstjóra. Einelti getur átt sér stað í leikskóla eins og á öðrum skólastigum og fylgt barni áfram upp í grunnskóla ef ekkert er aðhafst. Á leikskólaárum er barnið að byrja að mynda vinatengsl. Það getur skipt sköpum að barnið nái að þroska þessi tengsl og fái hjálp til þess á meðan það er í leikskóla. Börn í leikskólum eru í öruggu umhverfi og því er kjörið að byrja að vinna geng einelti þar sem hópurinn er náinn. Auk þess eru tengsl starfsfólks við foreldra oft nánari en á öðrum skólastigum.

Verði starfsmaður/ foreldri var við að barn sé lagt í einelti er brugðist við því tafarlaust og er það í höndum viðkomandi deildarstjóra sem ber ábyrgð á þessari vinnu í samráði við eineltisteymi skólans en í eineltisteyminu eru leikskólastjóri og deildarstjórar. Eineltisteymið getur síðan kallað til aðra aðila eða sérfræðinga eftir því sem við á hverju sinni. Fyrst ber að sjá til þess að öllum málsaðilum sé gerð grein fyrir að einelti verði ekki liðið og farið verði af stað til að útrýma því og bæta líðan þeirra sem málið varðar. Farið yfir mörk og samskipti með

Því að nota viðeigandi aðferðir og til þess er hægt að nota hlutverkaleik, lesa bækur og fleira. Skrá niður allt sem gert er og ef það verða fleiri atvik þá ber að skrá allt skilmerkilega og halda áfram vinnu vegna málsins.

Verði starfsmaður var við áreiti eða ámælisverðar uppeldisaðferðir gagnvart barni ber að tilkynna það strax til leikskólastjóra. Leikskólastjóri ræðir strax við gerandann og leitar nánari upplýsinga og eftir eðli málsins veitir honum tiltal eða áminningu. Öll atvik af þessum toga eru skráð og geta varðað brottrekstri úr starfi. Úrvinnsla eineltismála skulu vinnast eins hratt og auðið er og gert skýrt verkplan og skýr verkaskipting um hver beri ábyrgð á hverjum verkþætti.

Forvarnir

Í leikskóla eru forvarnir mjög stór þáttur og gríðarlega mikilvægur. Hér kemur upptalning á því sem Leikskólinn Laugalandi telur vera forvarnir gegn einelti:

- Viðhorfavinna, vinna gegn fordómum heima og í skóla, hugarfarsbreyting! Ýmsar sögur og bækur.
- Vinátta, gleði, virðing
- Skólabragur einkennist af lýðræðislegum vinnubrögðum.
- Agastefna.
- Jafnréttisáætlun.
- Vináttuverkefnið Blær.
- Árleg fræðsla og umræður starfsfólks, sjálfsmat.
- Skipulögð félagsfærniþjálfun, samvinnuleikir o.fl.
- Reglulegt mat á líðan og félagsfærni barna (haust- og vorönn).
- Tengslakönnun meðal barna.
- Tengslakönnun meðal starfsmanna og barna.
- Eftirfylgni með mati á líðan barna í skólanum.
- Gott foreldrasamstarf sem byggist á trausti, heiðarleika og góðu upplýsingaflæði.
- Skýrir verkferlar, skráningar og samstarf.

Einelti í starfsmannahópnum

Verði starfsmenn varir við einelti eða kynferðislegt áreiti í starfsmannahópnum ber að bregðast við með því að tilkynna leikskólastjóra og/eða trúnaðarmanns í sínu stéttarfélagi sem rannsakar málið. Starfsmenn eru allir ábyrgir varðandi greiningu og lausn eineltismála þó leikskólastjóri eða eineltisteymið sé vissulega alltaf ábyrgt fyrir þeirri vinnu sem fer í gang varðandi eineltið. Starfsmenn eiga að vera jákvæðar fyrirmyndir, vanda orð sín og athafnir og bera virðingu fyrir tilfinningum og sérkennum annarra. Hver og einn ber ábyrgð á eigin hegðun. Meðvirkni starfsmanna í einelti er fordæmd.

Leikskólastjóra ber að tryggja öllum starfsmönnum sínum gott starfsumhverfi hvað varðar félagslegan aðbúnað. Þannig þarf hann að sjá til þess að einelti viðgangist ekki á vinnustaðnum. Einelti á vinnustað getur verið af ýmsum toga og er stjórnandinn í lykilstöðu til að fyrirbyggja slíkt og sýna gott fordæmi í að skapa góðan starfsanda. Vitanlega getur orsakanna verið að leita hjá stjórnandanum sjálfum og þá þarf í sumum tilfellum að leita ráða hjá utanaðkomandi aðilum. Þegar um atvik er að ræða sem hafa verið upplýst eða þar sem vafi leikur á réttmæti ásakanna er mikilvægt að leita sátta.

- Einelti er brot á starfsskyldum og óásættanleg hegðun á vinnustað
- Allar ásakanir um einelti eru skoðaðar af varfærni og virðingu
- Hlúa þarf að þolandanum og veita honum aðstoð eftir þörfum til að vinna úr þessari neikvæðu reynslu
- Leysa skal hvert mál eins fljótt og auðið er og koma í veg fyrir frekari einelti
- Einblína þarf á þann eða þá sem standa fyrir aðförinni. Þar liggur vandinn sem þarf að leysa
- Finna þarf foringjann og fá hann til að sjá málið frá sjónarhóli þolandans.
- Skoða þarf hvernig samskiptin eru og hvað veldur því að vinnufélagar hafa hvöt til að leggja viðkomandi í einelti
- Starfsmaður sem verður uppvís að einelti getur fengið áminningu í starfi, breytingu á starfi eða fyrirvaralaus brottvikningu

Verum vakandi og látum einelti ekki viðgangast í okkar leikskóla!